


SHALDÖR  
skoðun 12



2 SÉRBLÖÐ  
í Fréttablaðinu  
Allt  
Fasteignir.is



Skólabæklingur  
Office 1 fylgir  
Fréttablaðinu í dag

# FRÉTTABLAÐIÐ

Mánudagur

8. ágúst 2011  
182. tölublað 11. árgangur  
Sími: 512 5000

10  
ÁRA  
2001 - 2011

## Deilt um virkjanir og vernd

Enn er ósætti milli stjórnarflokkanna um virkjanakosti í rammaáætlun. Iðnaðarráðherra leggur fram þingsályktunartillögu á næstunni. Þjósárver og neðri hluti Þjósár helstu deilumálin. Pólítísk ákvörðun.

**UMHVERFISMÁL** Stefnt er að því að þingsályktunartillaga um rammaáætlun um vernd og nýtingu náttúrusvæða líti dagsins ljós fyrir miðjan mánuð. Reikna má með deilum innan stjórnarflokkanna um hvaða svæði verði eyrnamerkt fyrir virkjanir. Umhverfisráðherra undirbýr nú friðlýsingu Viðeyjar í Þjósá, en fyrirhuguð virkjun í ánni mun hafa áhrif á umhverfi hennar.

Eftir framlagningu tillögunnar tekur við sex vikna athugasemdferli, þar sem öllum gefst kostur á að senda inn umsagnir. Miðað við þær deilur sem orðið hafa um rammaáætlunina má búast við fjölmörgum athugasemdum. Að

því loknu fer málið fyrir Alþingi.

Tillaga Katrínar Júlíusdóttur iðnaðarráðherra hefur ekki verið á borði þingflokka stjórnarflokka. Samvinna hefur hins vegar verið á milli hennar og Svandísar Svavarsdóttur umhverfisráðherra, en endanleg tillaga um málið mun verða á forræði þeirra beggja.

Umhverfisráðherra undirbýr nú friðlýsingu Viðeyjar í Þjósá, en hún þykir merkileg þar sem gróður þar hefur aldrei orðið fyrir ágangi búfjár. Friðlýsingin er væntanleg á föstudag. Verði af virkjunum í neðri hluta Þjósár fer eyjan á þurrt og því verður að gera grein fyrir því hvernig hún verður vernduð fyrir búfé.

6 vikur verða gefnar svo almenningur og hagsmunaaðilar geti sent inn umsagnir um virkjanakosti.

Neðri hluti Þjósár og friðlýsing Þjósárvera eru þau svæði sem helst munu valda deilum milli stjórnarflokkanna, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Mismunandi áherslur þeirra kristallast í því að Samfylkingin vill setja fleiri svæði í virkjunarflokk en Vinstrihreyfingin - grænt framboð. Heimildarmenn

blaðsins eru bjartsýnir á að lending náist með flest svæði, en þessi tvö munu verða erfið.

Umhverfisráðherra hefur gefið út að stefnt sé að friðlýsingu Þjósárvera. Það þýðir einfaldlega að Norðlingaölduveita er ekki lengur uppi á borði, nema hugmyndum um hana verði gjörbreytt. Ekki hefur frést af neinni vinnu í þá veru.

Það má því búast við því að deilur um náttúruvernd og virkjanir verði áberandi í þingstarfinu í vetur, en áformað er að endanleg þingsályktunartillaga um málið verði afgreidd fyrir 1. febrúar 2012.

- kóp / sjá síðu 6



### Fara á Lebowskí-hátíð

Tveir félagar ætla á hátíð í New York þar sem leikarar í Big Lebowski verða gestir.

fólk 26

### Mormónakirkjan 35 ára

Margvíslegt starf undir verndarvæng Guðs.

tímamót 14




### Meistarakeppni KR

Heil umferð fór fram í Pepsi-deild karla í gær. KR bætti stöðu sína á toppnum.

sport 22

### veðrið í dag



**KÓLNAR LÍTILLEGA** Í dag verður yfirleitt hæg N-læg átt en hvassara allra austast. Víða bjartviðri en stöku skúrir S-til seinnpartinn. Hiti 6-12 stig NA-lands en 10-16 stig SV-til.

VEÐUR 4



**TEFLT TIL STYRKAR SÓMALÍU** Tæp milljón króna safnaðist til styrktar börnum í Sómalíu í skákmaraþoni í Ráðhúsi Reykjavíkur um helgina. Efnilegustu ungu skákmenn landsins tefldu þar á fimmta hundrað skákir við gesti og gangandi en mótherjar krakkanna lögðu fram upphæð sem rennur í söfnun Rauða krossins vegna hungursneyðarinnar í Sómalíu.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



RAGNAR AUÐUNN BIRGISSON

### Unnu fyrstu verðlaun: Hanna íbúða-byggð í Vlníus

**HEIMILI** THG Arkitektar fengu fyrstu verðlaun fyrir tillögu sína um hönnun og skipulag íbúðabyggðar í úthverfi Vlníus, höfuðborgar Litháens. „Fjárfestar í Vlníus komu að máli við okkur og báðu okkur um að taka þátt í þessari samkeppni,“ segir Ragnar Auðunn Birgisson, arkitekt hjá THG Arkitektum.

Ragnar segir að verðlaunin auki á bjartsýni um að eitthvað sé að gera fyrir arkitekta, bæði heima og erlendis. „Við erum að flytja inn smá vinnu,“ segir Ragnar og bætir við að fullur hugur hafi verið í fjárfestunum að fylgja eftir tillögunum.

- mmf / sjá Allt

### Er svefninn vandamál?

Verðlaunuð náttúruafurð úr Bygg- og Hveitigrösom



Fæst í flestum apótekum og heilsubúðum

## Titringur á fjármálamörkuðum eykur líkur á kreppu í Evrópu og Bandaríkjunum: Gæti rýrt lífsskjörin á Íslandi

**EFNAHAGSMÁL** Hræringar hafa verið á alþjóðlegum fjármálamörkuðum síðustu daga. Búist er við frekari lækkunum á verði hlutabréfa í Evrópu og Bandaríkjunum í dag í kjölfar ákvörðunar Standard & Poor's að lækka lánshæfismat Bandaríkjanna. Þá eru líkur taldar hafa aukist á því að hagkerfi Evrópu og Bandaríkjanna fari á ný í kreppu. Stjórn mála- og seðlabankamenn beggja Atlants-hafsins funduðu um helgina vegna ástandsins.

Gylfi Zoëga, prófessor í hagfræði við Háskóla Íslands, segir Ísland vera í skjóli frá hremmingunum. Í því sambandi skipti mestu að gjaldeyrisforði hins opinbera sé nægur og að gjaldeyrishöftin

geri ríkissjóði kleift að fá lánsfé á viðráðanlegum kjörum.

Gylfi segir erfiðleikana erlendis hins vegar geta seinkað viðsnúningi íslensks efnahagslífs þar sem kreppa í nágrannalöndum okkar geti rýrt lífsskjör á Íslandi. Þá gæti verð á olíu og útflutningsvörum lækkað sem hefði áhrif á gengi krónunnar.

„Óvissa eins og þessi er slæm fyrir fjárfestingu. Sérstaklega ef eigið fé fjárfesta er lítið sem á við um mörg innlend fyrirtæki. Uppsveifla mun ekki hefjast fyrr en eiginfjárstaða fyrirtækja hefur batnað, bankakerfið er orðið starfhæft að nýju og óvissa er minni,“ segir Gylfi.

- mbl / sjá síðu 4

**Sjónvarpsmiðstöðin** SÍÐUMÚLA 2  
**AFMÆLISTILBOÐ** 40 ára

### Gráða & feta ostateningar í olíu

Nýtt



ms.is





## SPURNING DAGSINS



Svanhildur, gekk umsóknarferlið eins og í sögu?

„Já, svo sannarlega og ljóst að við íslenski menningu blasir ævintýrleg framtíð.“

Reykjavík hefur verið útnefnd menningarborg UNESCO. Hópur öflugs bókmenntafólks vann að umsókn um titilinn.

## Fjárlagahópur stjórnarflokka: Tekjuskattur ekki hækkaður

**STJÓRN MÁL** Ekki er rætt um að hækka tekjuskatt á almenning í vinnu fjárlagahóps stjórnarflokka. Þetta sagði Oddný G. Harðardóttir, formaður fjárlaganefndar Alþingis, í samtali við fréttastofu RÚV í gær.

Fjárlagahópurinn skilar tillögum á þriðjudag en honum er ætlað að leggja til leiðir um hvernig hægt er að brúa fjárlagagat ríkissjóðs. Í hópnum eiga sæti þrjú fulltrúar frá hvorum stjórnarflokki, þar á meðal Oddný fyrir hönd Samfylkingarinnar.

Oddný sagði jafnframt að farin yrði blönduð leið skattahækkana og niðurskurðar.

## Forsætisráðherra Simbabve: Herinn sagður ráðast á þorp

**SIMBABVE, AP** Morgan Tsvangirai, forsætisráðherra Simbabve, sakar her landsins um að ráðast á þorp stuðningsmanna hans.

Tsvangirai hefur verið aðal- andstæðingur Mugabe forseta um árabil, en deilir nú með honum völdum.

„Herinn ætti að vera í fararbroddi við að verja fólkið, en ekki að ráðast á það og misþyrma,“ sagði forsætisráðherrann. Árásirnar ber upp á tveggja daga háttíð í landinu sem er haldin til að minnast skæruliðaárása sem stig- mögnuðust í frelsisstríð. Landið öðlaðist sjálfstæði árið 1980.



MORGAN TSVANGIRAI

Ellefu tékkneskir ferðamenn hætt komnir þegar rúta sökk á kaf í Blautulón í Vatnajökulsþjóðgarði:

# Höfðu eina mínútu til að flýja rúttuna

**SLYS** Litlu mátti muna að illa færi þegar rúta með ellefu tékkneska ferðamenn inn- anborðs sökk niður á margra metra dýpi í Blautulónum á Fjallabaksleið nyrðri í Vatnajökulsþjóðgarði síðdegis á laugardag.

Ferðamennirnir sluppu naumlega úr rúttunni og náðu að synda í land í átta gráðu köldu vatni. Það tók minna en mínútu frá því að bifreiðin byrjaði að sökkva og þar til hún fór alveg í kaf. Talið er að hún liggi nú á um 10 til 15 metra dýpi í lóninu. Verið er að kanna hvernig verður hægt að ná henni upp.

Björgunarsveitir frá Vík, Kirkjubæjar- klaustri, Skaftártungu og Álftaveri voru kallaðar út, en tilkynning um

slysið barst um klukkan 17 á laugardag. Flugbjörgunarsveit Hellu var fyrst á stað- inn þar sem hún var á hálendisvakt björg- unarsveita á svæðinu þegar kallið barst. Fólkið var flutt til Víkur í Mýrdal þar sem að fólk frá Rauða krossinum tók á móti því. Kafarar frá sérsveit ríkislögreglu- stjóra köfuðu svo niður að rúttunni í nótt og náðu í farangur ferðamanna.

Tuttugu og tveir ferðamenn frá Tékk- landi voru í rúttunni en ellefu af þeim höfðu farið úr til að taka myndir áður en áætlað var að keyra yfir lónið. Bílstjóri rúttunnar virðist hafa farið út af slóðanum sem átti að fylgja á leiðinni, með þessum afleiðingum.



DEKKIÐ UPP ÚR Í BLAUTULÓNUM Hér sést eitt dekk rúttunnar sem sökk á 10 til 15 metra dýpi á laugardag. MYND/ODDUR EIRIKSSON

# Banna böð í Laugarvatni vegna saurgerla

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur bannað böð í Laugarvatni vegna E. coli- mengunar. Mengunin orsakast af bilun í fráveitukerfi, en viðgerð stendur yfir. Baðstaðurinn Fontana opnaði nýlega við vatnið og hefur gengið vel.

**NÁTTÚRA** Vegna E. colimengunar sem uppgötvaðist í sumar hefur Heilbrigðiseftirlit Suðurlands bannað fólki að baða sig í Laugarvatni. Sveitarstjóri segir orsökina vera mengun úr holræsakerfi frá þéttbýlinu í kringum vatnið.

„Það kom heitt vatn inn á hreinsikerfið hjá okkur, sem gerði það að verkum að gerlamyndun eyðilagðist,“ segir Valtýr Valtýsson, sveitarstjóri Bláskógabyggðar, í samtali við Fréttablaðið.

„Við þurfum að byggja upp ákveðna gerlaflóru í hreinsimannvirkinu og erum búin að panta hluti í búnaðinn sem skemmdist. Við erum að reyna að bjarga málinu eins hratt og hægt er.“

Valtýr segir að erfitt sé að segja hvenær von er á að úr rætist en viðgerð á búnaðinum verði vonandi lokið á næstu dögum eða vikum.

Baðstaðurinn Fontana var opnaður nýlega við Laugarvatn og þó að allt sé til reiðu þar, fara forsvarsmenn staðarins að tilmælum Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og eru ekki með opið fyrir gesti sína að vatninu.

Anna G. Sverrisdóttir, framkvæmdastjóri Fontana, sagði í samtali við Fréttablaðið að málið hefði ekki tafið undirbúning baðstaðarins. Önnur aðstaða, líkt og gufubað, sé opin gestum og rektur hafi gengið vel. Hún vísaði annars á heilbrigðiseftirlitið.

Sigrún Guðmundsdóttir, heilbrigðisfulltrúi á matvæla- og heilbrigðissviði Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, segir í samtali við Fréttablaðið að um öryggisatriði sé að ræða.

„Við höfum ekki veitt leyfi til að



FRÁ LAUGARVATNI Baðgestur er meinað að synda í Laugarvatni sökum ekoligerla sem fundist hafa í vatninu. Uppruna mengunarinnar er að finna í skólperfi byggðakjarnans við vatnið, en vonast er til að úr rætist áður en langt um líður. Myndin tengist fréttinni ekki beint. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Við hleypum fólki ekki í vatnið nema það sé öruggt.

SIGRÚN GUÐMUNDSDÓTTIR HEILBRIGÐISFULLTRÚI

hleypa gestum ofan í vatnið vegna þess að við teljum það ekki öruggt. Það er þó verið að vinna að lausn á þessu máli í samvinnu margra aðila.“

Sigrún segir að saurgerla-

menngunina megi einnig rekja til þess að hluti af fráveitulögnum sé kominn til ára sinna. Unnið sé að því að koma lögnum í rétt horf og nokkuð hafi unnist í þeim efnun.

„En því miður tókst það ekki að fullu áður en Fontana opnaði.“

Sigrún bætir því þó við að það jákvæða í málinu sé að virkt eftirlit sé til staðar.

„Við hleypum fólki ekki í vatnið nema það sé öruggt.“

thorgils@frettabladid.is



SVANGUR Krufning á hræi hvítabjarnarins leiddi í ljós að hann var sársoltinn þegar hann réðst á ferðamennina. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

## Banvæn árás hvítabjarnar: Byssan og vírinn klikkuðu

**SVALBARDI** Leiðangursstjóri hópsins á Svalbarða, þar sem hvítabjörn réðst á hóp skólastráka í vikunni, reyndi að skjóta á björninn áður en hann réðst til atlögu, en byssa hans stóð á sér.

Einn lést í árásinni og þrjú særðust og var leiðangursstjórinn einn þeirra. Maðurinn náði þó að laga byssuna og tókst að skjóta björninn til bana.

Sprengjuvír átti að hræða dýr frá svefnstaðnum ef þau nálguðust. Hann sprakk hins vegar ekki og þar sem enginn næturvörður var á svæðinu varð enginn var við björninn fyrr en hann var kominn að tjöldum hópsins.

## Lést við köfun í Danmörku

Maðurinn sem lést við köfun við Eyrarsundsbrú síðastliðinn fimmtudag hét Gunnar Hrafn Hrafnbjargarson. Hann var 35 ára gamall.

Gunnar var við köfun við Eyrarsundsbrú ásamt tveimur félögum sínum en varð viðskila við þá og fannst látinn eftir nokkra leit. Hann var búsettur í Svíþjóð og starfaði við Háskólann í Lundi, en hann lauk doktorsprófi í málvísindum árið 2004. Gunnar lætur eftir sig eiginkonu og tvö börn.



Standard & Poor's lækka lánshæfismat Bandaríkjanna um einn flokk:

## Viðbragða við mati að vænta í dag

**BANDARÍKIN, AP** Viðbragða fjárfesta við lækkan á lánshæfismati Bandaríkjanna er að vænta í dag. Matsfyrirtækið Standard & Poor's lækkaði Bandaríkin úr efsta flokki, AAA, í AA+. Þetta er í fyrsta skipti síðan slíkt mat komst á árið 1917 að Bandaríkin verma ekki efsta flokk.

Matið átti ekki að koma mönnum á óvart, en engu að síður hefur verið bent á tveggja milljarða dala skekkju í reikningum fyrirtækisins. Það hefur viðurkennt þau mistök, en stendur engu að síður við matið.

Alan Greenspan, fyrrum seðlabankastjóri, segist búast við áframhaldandi lækkan á hlutabréfamörkuðum í kjölfar matsins. Lækkunin er ekki eini hvati hlutabréfaeiganda til sölu. Í síðustu viku féll Dow Jones hlutabréfa-

vísitalan um sex prósent, eða 700 punkta. Fjárfestar hafa áhyggjur af versnandi stöðu bandaríks efnahags.

Ríkisstjórn Obama tilkynnti 29. júlí um horfur á minnkandi vexti á fyrsta ársfjórðungi. Reiknað hafði verið með 1,3 prósent vexti á ársgrunðvelli, en sú tala var lækkuð niður í 0,4 prósent.

Barack Obama, forseti Bandaríkjanna, hefur hvatt þingið til að leggja pólitískan ágreining til hliðar og taka höndum saman við að skapa störf.

„Okkar verkefni er að gera það sem við getum til að hjálpa fólki að fá atvinnu, að skapa umhverfi þar sem fyrirtæki geta auglýst eftir fólki og þar sem tekjur fólks fara hækkandi á ný,“ sagði Obama.

Nokkuð hefur áunnist í þeim efnun og 117 þúsund störf hafa



ERFIDIR TÍMAR Obama forseti hefur kallað eftir samstöðu stjórnmalamanna um að skapa fleiri störf og rétta efnahag Bandaríkjanna við. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

verið sköpuð að undanfögnu. Atvinnuleysið í Bandaríkjunum er nú 9,1 prósent.

- kóp

## HÓPKAUP.IS Í DAG

Nautasteikarsamloka með bearnaisesósu og bjór

1.390 kr.

GILDIR 24 TÍMA

Verð 2.750 kr.

Afsláttur 51%

Afsláttur í kr. 1.360 kr.

50 viðskiptavinum þarf til að virkja tilboðið

Nautasteikarsamlokan er með bearnaise-sósu, sveppum, lauk, salati, hvítlaukssósu og frónskum. Kaldur bjór fylgir einnig með.

Uppsalar - Bar & Cafe, Aðalstræti 16.

HÓPKAUP

í krafti fjöldans

hopkaup.is





# Fyrsti 3D farsíminn á Íslandi!



Nei, þú þarft ekki gleraugu til að sjá á skjáinn. Komdu og skoðaðu fyrsta 3D farsímann í verslun Nova, Lágmúla 9.

**2.000 kr.**  
símtölkun á mánuði í 12 mánuði fylgir þessum farsíma!

**6.590 kr.** /18 mán.

**LG Optimus 3D**

2.000 kr. símtölkun á mán. í 12 mán. fylgir!  
Stgr.: 109.990 kr.



**1.000 kr.**  
símtölkun á mánuði í 12 mánuði fylgir þessum farsíma!

**2.590 kr.** /12 mán.

**LG Optimus Me**

1.000 kr. símtölkun á mán. í 12 mán. fylgir!  
Stgr.: 27.990 kr.



**1.000 kr.**  
símtölkun á mánuði í 12 mánuði fylgir þessum farsíma!

**3.490 kr.** /12 mán.

**LG Optimus One**

1.000 kr. símtölkun á mán. í 12 mán. fylgir!  
Stgr.: 39.990 kr.

**Stærsti skemmtistaður í heimi!**

**NOVA**

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, MM Selfossi og á Glerártorgi Akureyri | Þjónustuver 519 1919  
[www.nova.is](http://www.nova.is) | [m.nova.is](http://m.nova.is) | Facebook | Twitter

Farsímatilboð Nova: Símtölkun fylgir með 0 kr. Nova í Nova og Eitt verð í alla, áskrift og frelsi. Mánaðarleg afborgun greidd með kreditkortu + 250 kr./mán. greiðslugjald. Það er ódýrara að staðgreiða og þá þarf ekki kreditkort.



GJALDMÍÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	115,79	116,35
Sterlingspund	188,68	189,60
Evra	164,02	164,94
Dönsk króna	22,017	22,145
Norsk króna	21,069	21,193
Svænsk króna	17,760	17,864
Japanskt jen	1,4752	1,4838

SDR 184,53 185,63

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

220,8282

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Formaður BSRB segir nauðsynlegt að standa vörð um velferðarkerfið í komandi fjárlögum:

# Vill flytja fleiri verkefni til sveitarfélaga

**STJÓRNSÝSLA** „Ég er sannfærð um að því nær ákvörðunarvaldinu sem við erum, því markvissari verða áætlanirnar,“ segir Elín Björg Jónsdóttir, formaður BSRB, um fyrirætlanir ríkisstjórnarinnar um endurskoðun á hlutverki ríkisins.

Elín Björg er sannfærð um að flutningur fleiri verkefna frá ríki til sveitarfélaga muni skila árangri í fyrirætlunum yfirvalda um frekara aðhald í komandi fjárlögum. Hún nefnir þar sérstaklega málefni aldraðra og heilsugæslu.

„En það er nauðsynlegt að hugsa þetta mál út frá öllum hliðum,“ segir hún.

Árni Páll Árnason, efnahags- og viðskiptaráðgjafi, sagði á laugardag að skilgreina þyrfti umfang ríkisrekstrar upp á nýtt með því að afmarka kjarnaþjónustu. Huga þyrfti alvarlega að því hvort önnur þjónusta ætti heima á hendi annarra. Nú stendur yfir vinna í ráðuneytum við fjárlög næsta árs og ljóst þykir að mikils aðhalds þarf að gæta í rekstri ríkisins.

Elín Björg segir afar mikilvægt



ELÍN BJÖRG JÓNSDÓTTIR

se að takmarka fjármagn. „Við vitum að vandinn er mikill en það má ekki skera meira niður

að ríkið skeri ekki frekar niður í velferðarkerfinu. Krafan um þá þjónustu í samfélaginu hafi aldrei verið meiri og því sé brýnt að taka umræðuna upp og taka ákvarðanir hvar hægt

í velferðarmálunum; þjónustu ríkis og sveitarfélaga,“ segir hún. „Það þarf að taka þessa umræðu í alvöru. Ákveða hvaða velferðarþjónustu við ætlum að verja og hvað sé mikilvægast. Við þurfum að láta annað bíða á meðan.“

Halldór Halldórsson, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga, sagði sé föstudag að einboði sé að sveitarfélög verði að stækka og eflast til að takast á við aukin verkefni. Mikilvægt sé að ráðast í algjöra endurskoðun á hlutverki þeirra, en gæta þess að standa vörð um velferðarkerfið. - sv



VIÐBÚNAÐUR Hringleikahúsið er á meðal merkustu fornminja heims og viðbrögð lögreglu eftir því.

NORDICPHOTOS/APP

Rýmdu fornminjar í Róm:

## Gervisprengja í hringleikahúsi

**ITALÍA, AP** Hringleikahúsið í Róm, Colosseum, var rýmt í gær eftir að grunur komst upp um að þar væri sprengju að finna. Sérfræðingar sprengdu hina meintu sprengju í loft upp, en í ljós kom að um gervisprengju var að ræða.

„Þetta reyndist vera gabb, mjög ósmekklegur brandari,“ sagði Gianni Alemanno, borgarstjóri í Róm, við Sky News 24. „Þetta virtist vera sprengja, en í raun gat hún ekki sprungið.“ Hluturinn, sem skilinn var eftir í hringleikahúsinu, reyndist vera hálf full dós af þynni. Fest var við hana rafhlaða og úr henni lágu tveir vírar í dósina. - kóp

### LÖGREGLUMÁL

#### Lokað vegna ölvunar

Veitingastaðnum Langa Manga á Ísafirði var lokað aðfarandið sunnudagsins vegna ölvunar starfsmanna. Heimildir blaðsins herma að um hafi verið að ræða drykkju hjá bæði barþjónum og dyrvörðum. Staðurinn opnaði á ný í gær.

### LEIÐRÉTTING

Ranglega var sagt í Fréttablaðinu á laugardag að Páll Scheving væri bæjarfulltrúi Vinstri grænna í Vestmannaeyjum. Hið rétta er að hann er bæjarfulltrúi Vestmannaeyjalistans.

# Kreppa nágranna-landa rýrir lífskjör


Titringur á alþjóðlegum fjármálamörkuðum hefur magnað áhyggjur af því að hagkerfi Bandaríkjanna og Evrópu fari aftur í kreppu. Það hefði nokkur áhrif innanlands og myndi seinka viðsnúningi hagkerfisins, segir hagfræðingur.

**EFNAHAGSMÁL** Stjórnvöld beggja vegna Atlantshafsins héldu neyðarfundi um helgina vegna þess titrings sem skeikið hefur fjármálamarkaði síðustu daga. Búist er við því að hlutabréfaverð falli áfram í dag í kjölfar ákvörðunar matsfyrirtækisins Standard & Poor's um að lækka lánsþæfismat Bandaríkjanna.

Gylfi Zoëga, prófessor í hagfræði við Háskóla Íslands, segir Ísland vera í skjóli frá þeim hremmingum sem nú eigi sér stað í Bandaríkjunum og Evrópu. Erfiðleikarnir erlendis geti hins vegar seinkað viðsnúningi íslensks efnahagslífs. Skelli önnur kreppa á í nágrannalöndunum muni lífskjör hér rýrna, segir Gylfi.

„Ísland er í skjóli í þeim hremmingum sem nú eiga sér stað í Bandaríkjunum og Evrópu. Það er vegna þess að íslenskir bankar urðu gjaldþrota árið 2008 og reiða sig ekki lengur á fjármögnun erlendis vegna þess að gjaldeyrisfordi hins opinbera er nægur og vegna gjaldeyrisþess sem tryggja ríkissjóði lánsfé á viðráðanlegum kjörum,“ segir Gylfi og bætir við: „Verð á út- og innflutningsvörum getur þó breyst. Verð á olíu gæti lækkað og verð á útflutningsvörum einnig. Þetta hefur því áhrif á gengi krónunnar og lífskjör.“

Spurður um ástæður þessara



FJÁRFESTAR ÁHYGGJUFULLIR Áhyggjur fjárfesta af stöðu hagkerfa Bandaríkjanna og Evrópu hafa magnað síðustu daga.

Verð á olíu gæti lækkað og verð á útflutningsvörum einnig. Þetta hefur því áhrif á gengi krónunnar og lífskjör.

GYLFI ZOËGA HAGFRÆÐIPRÓFESSOR

hræringa svarar Gylfi: „Bönkum í Evrópu var bjargað árið 2008 af Seðlabanka Evrópu en það á eftir að ákveða hver greiðir það tjón sem í þeim varð; eigendur bankanna eða skattgreiðendur og þá skattgreiðendur þeirra ríkja þar sem lánin voru veitt eða þeirra sem tóku þau.

Þetta er pólitískt vandamál sem á eftir að leysa þótt evrusvæðið sem heild eigi vel fyrir skuldum. Á svipadán hátt á eftir að leysa hverjir munu greiða opinberar skuldir Bandaríkjanna; þeir efndu með skattahækkunum, þeir sem minna hafa með opinberri þjónustu eða lánardrottinn með gengisfalli dollarans og verðbólgu.“

Gylfi segir lánardrottina af þessum sökum ekki geta verið vissu um að fá afborganir og vexti en það valdi titringi á fjármálamörkuðum. Við bætist svo óvissa um framtíðarhagvöxt vegna mikilla skulda hins opinbera, ríkisins og heimila.

magnusl@frettabladid.is



BILUN Flugferð Iceland Express frá Kaupmannahöfn til Íslands seinkaði um nokkra klukkutíma.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Iceland Express í Skotlandi:

## Purfti að lenda vegna bilunar

**SAMGÖNGUR** Flugvél Iceland Express frá Kaupmannahöfn, sem átti að lenda á Keflavíkurflugvelli klukkan hálf fimm í gær, varð að lenda í Inverness í Skotlandi af öryggisástæðum. Viðvörðunarljós vélarinnar munu hafa bilað en engin hættu hafi verið á ferðum. Um borð voru 146 farþegar og áhöfn.

Leiguvél var send til Skotlands um kvöldmatarleytið í gær til að sækja farþegana. Samkvæmt upplýsingafulltrúa flugfélagsins fengu farþegarir reglulega smáskilaboð um stöðu mála og nóg af mat og drykk meðan þeir biðu. - sv

Árás í kjölfar heimilisera:

## Átta létust í skotárás í Ohio

**BANDARÍKIN, AP** Átta manns voru drepnir í skotárás í Ohio í Bandaríkjunum í gær. Tveir særðust að auki. Skotarásin hófst eftir heimilisera og meðal látinna var ellifú ára barn. Lögregla skaut loks árársarmanninn.

Lögreglumaðurinn Eric Goodwin sagði ekki vita í hvernig ástandi þeir særðu væru, né heldur hvernig árársarmaðurinn og fórnarlömbin tengdust. Hann vildi ekki upplýsa um nöfn fórnarlömbanna eða um hvað heimilisjurnar snerust. Sagði hann málið enn vera til rannsóknar. - mfm

**Lesendur gefa sér góðan tíma í Fréttablaðið**

Það skiptir máli hvaða blað fólk gefur sér tíma til að lesa. Ný Prentmiðlakönnun Capacent Gallup staðfestir að lesendur á aldrinum 12-59 ára gefa sér lengri tíma til að lesa Fréttablaðið en Morgunblaðið. Við hlökkum til að færa ykkur fleiri góðar stundir í framtíðinni.

Meðal lestími í mínútum á hvert eintak\*  
 FBL (Fréttablaðið) - 10 mín  
 MBL (Morgunblaðið) - 5 mín

Átt ára: 12-14 ára: 20 mín, 15-19 ára: 15 mín, 20-24 ára: 10 mín, 25-29 ára: 5 mín, 30-34 ára: 5 mín, 35-39 ára: 5 mín, 40-44 ára: 5 mín, 45-49 ára: 5 mín, 50-54 ára: 5 mín, 55-59 ára: 5 mín

Állt sem þú þarft...

**VEÐURSPÁ**

**Snjólaug Ólafsdóttir** veðurfréttamaður

**BYRJUN VIKU**  
Lítillega kólnar í dag og verður dálítið svalt NA-til næstu daga. Yfirleitt fremur hæg N-átt en snýst í A-átt á miðvikudag. Við bjart næstu daga með stöku skúrum S- og SV-til. Pokuloft á annesjum N- og A-lands í dag og á morgun.

**Á MORGUN** víða 3-8 m/s

**MÍÐVIKUDAGUR** Yfirleitt hæg A-læg eða breytileg átt

**HEIMURINN**

Alicante	32°
Basel	21°
Berlín	20°
Billund	19°
Frankfurt	19°
Friedrichshafen	21°
Gautaborg	20°
Kaupmannahöfn	18°
Las Palmas	26°
London	20°
Mallorca	30°
New York	32°
Orlando	33°
Ósló	19°
París	21°
San Francisco	22°
Stokkhólmur	21°

Vindhraði er í m/s. Hítastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.



# RÖNNING



ÍSSKÁPUR - RK6162AW

Hæð: 161cm  
Orkunýting: A++  
Nýtanlegt rými kælis: 232 L  
Nýtanlegt rými frystihólfs: 53 L

Tilboðsverð: 124.900 kr  
Verð áður: 154.900 kr



ÍSSKÁPUR - RK60358DW

Hæð: 180cm  
Orkunýting: A+  
Nýtanlegt rými kælis: 230 L  
Nýtanlegt rými frystihólfs: 86 L

Tilboðsverð: 134.900 kr  
Verð áður: 157.900 kr



ÍSSKÁPUR - RK61821X

Hæð: 180cm  
Orkunýting: A++  
Nýtanlegt rými kælis: 230 L  
Nýtanlegt rými frystihólfs: 90 L

Tilboðsverð: 144.900 kr  
Verð áður: 169.900 kr

**Pvottavél og þurrkari saman í einum pakka  
á aðeins 195.000 kr staðgreitt.  
Verð áður 239.800 kr staðgreitt.**

MINNA  
BYGTTA  
EFNI



GORENJE PVOTTAVÉL 6 KG 1400 SN

Orkunýtni: A+  
Pvottahæfni: A  
Peytivinduafköst: A  
Afkastageta: 6 kg  
Peytivinduhraði: 1400 sn  
Hurðaoþ: 33 sm  
Kaldur þvottur 15°C  
SterilTub hreinsikerfi



GORENJE BARKALOUS ÞURRKARI

Afkastageta: 6 kg  
Orkunýtni: B  
Barkalaus  
Snýst í báðar áttir  
Kaldur blástur  
Lægri þurrkhiti  
Krumpuvörn

**Blástursofn, keramik helluborð og háfur saman  
í einum pakka, á aðeins 245.000 kr staðgreitt.  
Verð áður 326.800 kr staðgreitt.**



BLÁSTURSOFN - BO7510AX

Ofn: Heitur blástur  
Undir og yfirhiti  
Grill með blæstri  
Innbyggður kjöthitamælir  
AquaClean hreinsikerfi.



HELLUBORÐ - ECT610AX

Helluborð: Keramik  
Snertitakkar  
Sjálfvirkur Suðubúnaður  
Viðvörðunarljós  
Barnalæsing



HÁFUR - DK450E

Breidd: 60 cm  
Hreinsanleg fitusía  
3 aflstillingar  
Afkastageta 450m<sup>3</sup>/klst



## KJÖRKASSINN



Hefur þú farið á Fiskidaginn mikla á Dalvík?

Já	22,5%
Nei	77,5%

## SPURNING DAGSINS Í DAG:

Telurðu að fækka eigi verkefnum ríkisins?

Segðu þína skoðun á visir.is



Hvetur til sambandsliða:

## Blóðsúthellingar skipulagðar

ISRAEL, AP Avigdor Lieberman, utanríkisráðherra Ísraels, varaði við því í gær að stjórnvöld í Palestínu undirbyggju fordæmis-



AVIGDOR LIEBERMAN

lausar blóðsúthellingar í september. Kom yfirlýsing Lieberman í framhaldi af stuðningi Sam-einuðu þjóðanna við sjálfstæði Palestínu. Hvatti Lieberman til þess að Ísrael sliti sambandi við Palestínu.

Lieberman studdi þó yfirlýsingu sína engum gögnum. Tzachi Mosche, talsmaður Lieberman, sagði að hann drægi ályktanir sínar út frá skýrslum leyniþjónustunnar og opinberum yfirlýsingum palestínskra ráðamanna.

- mmf

Svissnesk hjón í vanda:

## Bíllinn flaut 50 metra í ánni

SLYS Svissnesk hjón lentu í hættu í Skyndidalsá seinnipartinn í gær þegar þau óku í ána á röngum stað. Áin reif bíllinn með sér og bar hann um 50 metra niður með straumnum.

Þegar bíllinn stöðvaðist í ánni kom fólknið sér upp á þak bílsins og náði að hringja eftir aðstoð þrátt fyrir að símasamband sé afar stopult á svæðinu. Hringdu þau í lögregluna í Sviss sem lét Neyðarlínuna vita.

Þjörgunarfélag Hornafjarðar, sem var samstundis kallað út, gat komið fólkni til aðstoðar. Fólkni var bjargað af þaki bílsins og varð ekki meint af. Bíllinn var dreginn úr ánni og er hann mikið skemmdur.

- sv

## Á þriðja tug lögreglumanna slasaðist í óeirðum sem brutust út í Norður-London: Óeirðir í London annan daginn í röð

LONDON, AP Lögreglan í London bjó sig í gær undir framhald á óeirðum sem brutust út í norðurhluta borgarinnar á laugardag. Snemma í gærkvöldi höfðu óeirðaseggir brotið rúður í verslunum og eyðilagt lögreglubíl.

Lögreglan hefur lofað ýtarlegri rannsókn á aðdraganda óeirða í norðurhluta borgarinnar sem hófust aðfaranótt sunnudags. Á þriðja tug lögreglumanna slasaðist í átökum við mótmælendur.

Mótmælendur kveiktu í byggingum og tveggja hæða strætisvagni, og létu greipar sópa í vers-

unarmiðstöð. Alger ringulreið ríkti um miðnætti þegar þjófar tæmdu verslanir í hverfinu.

Mótmæli voru skipulögð við lögreglustöð í Tottenham-hverfinu á laugardag í kjölfar þess að lögreglumenn skutu mann til bana á fimmtudag.

Einhverjir úr hópi mótmælenda hentu bensínsprenjum og aðrir börðu á lögreglumönnum með kylfum og járnstöngum.

Alls voru 46 handteknir meðan á óeirðunum stóð á laugardagskvöld, en 26 lögreglumenn voru sárir eftir átökin.

- bj



ÓEIRÐIR Kveikt var í nokkrum byggingum, tveimur lögreglubílum og tveggja hæða strætisvagni í óeirðunum á laugardag.

NORDICPHOTOS/AFP

## Menningarnótt undirbúin: Styrkir veittir vegna viðburða

MENNING Tæplega 50 styrkir verða veittir vegna menningarættur í ár. Það eru Höfuðborgarstofa og Landsbankinn sem veita styrkina. Rúmlega 60 sóttu um.

Sem dæmi má nefna að 8 fá styrk á sviði tónlistar, 2 vegna menningar og fræðslu, 2 fá vegna leiklistar, 7 fjöllistaviðburðir verða styrktir, 4 fá styrk til að opna húsnæði sín fyrir gestum, 3 dansatriði verða styrkt, 2 myndlistar- og ljósmyndasýningar og loks fá 5 styrki í flokknum allskonar.

- kóp

## Norðlingaalda og neðri hluti Þjórsár munu valda deilum

Iðnaðarráðherra vinnur nú að tillögu til þingsályktunar um flokkun virkjanakosta vegna rammaáætlunar. Ekki er sátt innan stjórnarflokkanna um málið. Stækkun Þjórsárvera mun útiloka Norðlingaölduveitu.

## FRÉTTASKÝRING

Mun nást sátt um rammaáætlun?

Unnið er að tillögu til þingsályktunar í iðnaðarráðuneytinu um hvernig kostir í rammaáætluninni verða flokkaðir. Um þrjá flokka er að ræða: virkjanakosti, verndunarkosti og biðkosti. Í síðastnefnda flokkinn falla þeir kostir sem ákveða á síðar hvernig verða nýttir; til verndunar eða virkjunar.



SVANDÍS SVAVARSDÓTTIR



KATRÍN JÚLÍUSDÓTTIR

Katrín Júlíusdóttir iðnaðarráðherra segir að von sé á þingsályktunartillögunni fyrir miðjan þennan mánuð.

Tillagan byggir á áfangaskýrslu verkefnastjórnar um rammaáætlun, en hún kom út 6. júlí. Þar var að finna lista yfir 66 virkjanakosti sem nefndin telur nýtanlega. Það er síðan pólitísk ákvörðun að grisja þá kosti, ákveða hverja eigi að vernda og hverja nýta.

Ljóst er að áherslumunur er á afstöðu stjórnarflokkanna tveggja. Samfylkingin hefur viljað setja fleiri kosti í flokk virkjanlegra, þá sé búið að leggja línurnar til lengri tíma og ljóst sé hvaða kostir verði nýttir í framtíðinni. Katrín hefur einmitt talað fyrir því að

## Virkjanir í Þjórsá

Samkvæmt skipulagi er gert ráð fyrir þremur virkjunum í neðri hluta Þjórsár, en dómsúrskurð þurfti til að umhverfisráðherra staðfesti það skipulag. Ekkert framkvæmdaleyfi liggur hins vegar fyrir og raunar hefur iðnaðarráðherra sent Orkustofnun tilmæli um að engin ný framkvæmdaleyfi verði gefin út fyrr en þingið hefur afgreitt þingsályktunartillöguna, í síðasta lagi 1. febrúar 2012.

með rammaáætluninni náist sátt í þessum málum og deilum um einstaka virkjanakosti fækki. Það sé einfaldlega hluti af stefnumótun hvort virkja eigi á ákveðnu svæði eða ekki. Eitt af skilgreindum hlutverkum áætlunarinnar er að skapa sátt um vernd og nýtingu náttúrusvæða.

Innan Vinstrihreyfingarinnar - græns framboð er það viðhorf hins vegar sterkara að sá tímapunktur að ákveða í eitt skipti fyrir öll hvaða svæði verði virkjuð sé einfaldlega ekki runninn upp. Þar á bæ vilja menn því frekar hafa virkjanlega kosti færri, en fjölgja í staðinn þeim sem eru á biðlista. Þar er einnig ríkarí vilji til verndunar svæða en innan Samfylkingarinnar.

Þingsályktunin er, líkt og áður segir, á borði iðnaðarráðuneytisins. Efni hennar, það er raunverulegir flokkunarlistar, hafa ekki komið inn á borð þingflokkanna. Ljóst er hins vegar að ráðherrar iðnaðar og umhverfis hafa haft með sér samstarf í málinu.



URRIÐAFOSS Verði af virkjunum í neðri hluta Þjórsár mun vatnsrennslíð um Urriðafoss minnka umtalsvert. Virkjanirnar eru á skipulagi en ekki er búið að sækja um framkvæmdaleyfi.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Þegar tillagan lítur dagsins ljós tekur við sex vikna umsagnarferli. Þar gefst öllum kostur á að tjá sig um efni hennar og koma athugasemdum á framfæri. Miðað við þá miklu gagnrýni sem vinnan við rammaáætlun hefur hlotið, má gera ráð fyrir því að athugasemdir verði fjölmargar.

Það mun velja á því hvernig listi iðnaðarráðherra verður hvort tekst að koma honum í gegnum þingið, eftir að athugasemdafrestur almennings er liðinn.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins eru það einkum tvö svæði sem standa muna í þingmönnum Vinstri grænna og raunar sumum Samfylkingarmönnum einnig: Þjórsárver og neðri hluti Þjórsár.

Svandís Svavarsdóttir umhverfisráðherra hefur lýst því yfir að stefnt sé að friðlýsingu Þjórsárvera. Það þýðir að Norðlingaölduveita er ekki lengur uppi á borði, nema að henni verði gjörbreytt. Ekkert liggur fyrir um slíkt á þessari stundu.

Það verður hins vegar þrautin þyngri að setta andstæð sjónarmið á þingi og ljóst er að fjölmargir stjórnarþingmenn eru andvígir virkjunum í Þjórsá og vilja auka við verndarsvæði áætlunarinnar.

Það verður því pólitískur línudans að setta þessi sjónarmið og slagurinn mun snúast um Þjórsárverin, og þar með Norðlingaölduveitu, og virkjanirnar í neðri hluta Þjórsár.

kolbeinn@frettabladid.is



## SIEMENS

Heimilistæki frá Siemens til að prýða eldhúsið þitt og léttu þér störfina. Lausnina færðu hjá okkur.

## SMITH &amp; NORLAND

Nóatúni 4 • Sími 520 3000  
www.sminor.is





1400  
SNÚNINGA



OKKAR LÆGSTA VERÐ KR.  
**99.900**  
SPARAÐU 25.000

### Electrolux

- EWF-146310W Þvottavél**  
Mest selda þvottavélin okkar. Ótrúlega lág bilanatiðni. Vélin er hlaðin þægindum og nýrri tækni. Byður uppá sveigjanlegan þvottatíma.
- ✓ Hraðval 30-55% tímasparnaður á algengum kerfum
  - ✓ 1400 sn. stillanlegur vinduhraði
  - ✓ Mörg sérkerfi þ.á.m. Woolmark ullarkerfi og handþvottakerfi
  - ✓ Seinkun á gangsetningu 0-23 klst.
  - ✓ Tímaskjár
  - ✓ Ofnæmisskolun möguleg
  - ✓ A+/A/B einkunn fyrir orkunýtni, þvottagæði og vindu
  - ✓ Verð áður kr 124.900



OKKAR LÆGSTA VERÐ KR.  
**49.900**  
SPARAÐU 20.000

### exquisit

- TAE-630 Þurrkari**  
Þurrkari með rakaskynjara svo að engin orka eða tími fer til spillis. Stoppar sjálfkrafa þegar þvotturinn er orðinn þurr.
- ✓ Tekur allt að 6 kg af taui
  - ✓ Kerfi fyrir viðkvæman þvott
  - ✓ 3 hitastillingar
  - ✓ Barki fylgir
  - ✓ Með hljóðmerki í lok þurrks
  - ✓ Verð áður kr 69.900



### Electrolux

- ESL-64052 Innbyggð uppþvottavél**  
Klæðanleg að framan svo að vélin er í stíl við eldhúsið þitt. Hljóðlát og orkusparneytin vél.
- ✓ 5 þvottakerfi þ.á.m. pottakerfi, sjálfvirkt kerfi 45-70°C og 30 mín. 60°C hraðkerfi ásamt skolon
  - ✓ Stjórnborð og skjár að ofanverðu
  - ✓ Sveigjanleg innrétting sem hentar öllu uppvaski með niðurfellanlegum diskastöðum fyrir stóra hluti s.s. potta og skálar.
  - ✓ Seinkun á gangsetningu möguleg 0-19 klst.
  - ✓ A/A/A toppeinkunn fyrir orkunýtni, þvottagæði og þurrkun
  - ✓ Verð áður kr 149.900



HLJÓDLÁT  
**47**  
dB



AAA  
EINKUNN

HLJÓDLÁT  
**49**  
dB



### Electrolux

- ESF-63040 Uppþvottavél**  
Vönduð uppþvottavél með 5 þvottakerfum og góðri innréttingu
- ✓ 5 þvottakerfi þ.á.m. pottakerfi, almennt kerfi og 30 mín. hraðkerfi
  - ✓ Framstillt ræsing möguleg
  - ✓ Hægt að þvo hálfá vél í einu
  - ✓ A/A/A einkunn fyrir orkunýtni, þvottagæði og þurrkun
  - ✓ Án toppplötu
  - ✓ Verð áður kr 119.900

OKKAR LÆGSTA VERÐ KR.  
**79.900**  
SPARAÐU 40.000

### exquisit

- KGC-270/40 Kæli- og frystiskápur**  
Kæli- og frystiskápur með bjartri lýsingu
- ✓ 122 lítra kæli og 68 lítra frystir (nettó)
  - ✓ Sjálfvirk affrysting í kæli
  - ✓ HxBxD 143x55x60 cm
  - ✓ Verð áður kr 84.900



143  
CM HÁR

OKKAR LÆGSTA VERÐ KR.  
**69.900**  
SPARAÐU 15.000



85  
CM HÁR

OKKAR LÆGSTA VERÐ KR.  
**39.900**  
SPARAÐU 15.000

### exquisit

- GS-111 Frystiskápur**  
Frystiskápur í borðhæð með 3 skúffum
- ✓ Orkuflokkur A+
  - ✓ Hitastillir
  - ✓ HxBxD 85x48x50 cm
  - ✓ Verð áður kr 54.900

# VERÐVAKT RAFHA

%

**VERÐVAKTIN**  
Við fylgjumst grannt með keppinautum okkar og höfum lækkað verðið!



OKKAR LÆGSTA VERÐ KR.  
**5.990**  
SPARAÐU 40%

BELGÍSKAR VÖFFLUR!

### TRISTAR

- WF-2141 Vöflujárn**  
Vinsælasta vöflujárnið sem bakar ekta hnausþykkar belgískar vöflur.
- ✓ Burstað stál
  - ✓ Hitastillir og ljós
  - ✓ 1000W
  - ✓ Verð áður kr 9.990

# 25%

## AFSLÁTTUR AF RYKSUGUM

Allar ryksugur öll merki nú með 25% afslætti

NÝTT!

- AEG JetMaxx Dust & Gone** ryksuga og afþurrkunarkústur í sama tækinu. 2200W mótur, HEPA13 sía og parkethaus fylgir!



VERÐ FRÁ KR.  
**7.490**  
SPARAÐU 25%

**AEG**  
Electrolux  
TRISTAR



13 GERÐIR!

# 50%

## AFSLÁTTUR AF PÖNNUM

Vandaðar pönnur í öllum stærðum og gerðum



OKKAR LÆGSTA VERÐ KR.  
**1.990**  
SPARAÐU 60%

### TRISTAR

- WG-2421 Baðvog digital úr gleri**  
Flott baðvog úr gleri með stórum LCD skjá.
- ✓ Hárnákvæm +/- 100 g
  - ✓ Lithium rafhlöður fylgja
  - ✓ Verð áður kr 4.990

# Rafha

Opð virka daga 10-18  
Lokað laugardaga í ágúst  
Suðurlandsbraut 16 108  
Reykjavík  
Sími 5880500  
www.rafha.is





1. Hversu langt er grillið sem notað er á Fiskideginum mikla á Dalvík?
2. Hvað heitir yfirráðalæknir?
3. Hvað vinna margir hjá Securitas við afgreiðslustörf á landinu?

SVÖR:

1. 8 metrar. 2. Halldór Rúnólfsson. 3. 60 tll 70 manna



REYKHOLT Orkuveitan hefur þurft að keyra vatn í bílum á svæðið vegna lélegra vatnsbóla. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Vatnsskortur í Reykholtssdal: Byggðaráð krefur OR úrbóta

**BORGARBYGGÐ** Byggðaráð Borgarbyggðar krefst þess að Orkuveita Reykjavíkur hefji þegar í stað framkvæmdir við nýja vatnsveitu í Reykholtssdal og tryggi íbúum og fyrirtækjum nægjanlegt vatn. Þetta kemur fram í Skessuhorni.

Líkt og Fréttablaðið hefur greint frá hefur verið viðvarandi vatnsskortur í dalnum. Svo rammt hefur að honum kveðið að sé staða hefur komið upp að ekki sé hægt að sturta niður í klósettum á Fosshótel Reykholti.

Byggðaráð hélt 200. fund sinn í Reykholti á fimmtudag. Fyrir honum lá bréf frá slökkviliðsstjóra Borgarbyggðar þar sem áhyggjum var lýst af vatnsskortum með tilliti til slökkvistarfs. Byggðaráð tók undir það.

Fleiri Þjóðverjar koma til landsins nú en fyrir fimm árum samkvæmt samantekt Hagstofu Íslands:

# Breskir ferðamenn fjölmennastir sem fyrr

**FERDAMENNSKA** Flestir þeirra erlendu ferðamanna sem komu hingað til lands í fyrra, fljúgandi til Keflavíkur, eru breskir ríkisborgarar. Þeir voru rúmlega sextíu þúsund það ár. Þjóðverjar hafa rutt Bandaríkjamönnum úr öðru sæti og eru nú næstfjölmennastir í þessum hópi, rúmlega 54 þúsund. Þetta kemur fram í samantekt sem Hagstofan gaf nýverið út.

Bretarnir reynast vera tryggir gestir því þeir voru einnig fjölmennasti hópurinn árið 2005. Aukinn áhugi á Íslandi virðist hins vegar vera að kvikna í Þýskalandi því í fyrra komu hingað tæplega 54 þúsund Þjóðverjar, sautján þúsund fleiri en 2005.

Ferðir Iceland Express til Winnipeg setja

### Ferðamenn eftir þjóðerni

	2005	2010
Bretar	57,792	60,326
Þjóðverjar	36,959	54,377
Bandaríkjamenn	54,270	51,166
Danir	34,624	38,139
Norðmenn	23,963	35,662

mark sitt á þennan lista en í fyrra komu rúmlega þrettán þúsund Kanadamenn til landsins miðað við 3.400 árið 2005.

Spánverjur fjölga einnig ört í þessum hópi, en þeir voru tvöfalt fleiri í fyrra en þeir voru fyrir sex árum.

Af þessum helstu gestaþjóðum fækkaði



FRÁ LEIFSSTÖÐ Ýmissa grasa gætir í alþjóðaflórinni í Leifstöð en fyrir utan Íslendingana eru þó Bretar venjulega fjölmennastir.

einungis í flokki Japana, séu árin 2005 og 2010 borin saman, en þeim fækkaði um fimm hundruð.

## Forseti Jemen laus af spítala: Verður áfram í Sádi-Arabíu

**JEMEN, AP** Forseti Jemen, Ali Abdullah Saleh, hefur verið útskrifaður af spítala í Sádi-Arabíu. Saleh slasaðist illa þegar ráðist var á forseta-höllina í Sanaa, höfuðborg Jemen í júní.

Forsetinn er enn undir eftirliti lækna og ekki er vitað hvenær hann snýr aftur til Jemen. Hann dvelst nú í húsnæði í eigu konungsfjölskyldunnar í Sádi-Arabíu. Saleh hefur komið einu sinni fram opinberlega eftir árásina og sagði þá að hann hefði undirgengist átta aðgerðir. Lengd spítaladvalarinnar hefur vakið upp vangaveltur um hvort forsetinn muni snúa aftur til Jemen.



ALI ABDULLAH SALEH

### VEGAGERÐ

#### Brú yfir Staðará í útboð

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í byggingu brúar yfir Staðará í Steingrímsfirði. Um er að ræða 40 metra langa eftirspenna bitabrú í tveimur höfum, 9 metrar að breidd. Tilboðum skal skila fyrir klukkan 14.30. ágúst og verða þau opnuð síðar sama dag.

# Tuttugu smiðir á skrá en engir fást í vinnu

Verktaki á Akureyri er í vandræðum með afhendingu húsa þar sem hann fær ekki smiði til starfa. Um 20 smiðir á atvinnuleysisráðu gátu ekki komið í vinnu. Viðbrögð við auglýsingum fyrirtækja eru sögð dræm.

**ATVINNUMÁL** „Ég er búinn að selja tvö hús sem ég hefði viljað afhenda fyrir áramót en ég veit ekki hvernig ég á að fara að því þar sem ég fæ enga smiði. Ég er að skila húsi núna sem ég hefði átt að vera búinn að afhenda fyrir talsverðum tíma.“

Þetta segir Stefán Einarsson, verktaki á Akureyri, sem byggir svokölluð Kanadahús. Hann kveðst hafa fengið lista hjá Vinnumálastofnun fyrir norðan með nöfnum um 20 smiða. „Það gat enginn þeirra komið í vinnu til mín. Sumir unnu bara hjá einstaklingum. Aðrir voru erlendis og enn aðrir voru að fara í sumarfrí. Ástandið er vægast sagt mjög sérstakt. Ég skil að vísu að menn fá sér svarta vinnu með atvinnuleysisbótum til þess að hafa ofan í fjölskylduna. Menn eru svo skattþindir. Ég verð hins vegar grautfúll þegar þetta bitnar á mér.“

Stefán hefur verið með smiði frá Kanada í vinnu við smiði húsa. Það sé hins vegar of kostnaðarsamt. „Við fáum ekki atvinnuleysi fyrir þá nema í tvo mánuði. Það gengur ekki að kaupa flugfar fyrir menn á tveggja mánaða fresti því að við þurfum að reka þetta með eins litlum kostnaði og hægt er. Mér finnst jafnframt hart að þurfa kannski að ráða smiði frá Póllandi og Lettlandi þegar á annan tug þúsunda er á atvinnuleysisráðu hér.“

Kristján Jónsson, sem á bifreiðaverkstæðið K2M Kraftbílur, hefur verið í vandræðum með að fá bifvélavirkja til starfa. „Við höfum auglýst en viðbrögðin hafa verið afar dræm.“

Á Vélaverkstæði Hjalta Einarssonar vantar menn til starfa í hinum ýmsu iðngreinum. „Við höfum leitað eftir málmíðnaðarmönnum, vélvirkjum, vélstjórum, rafvirkjum og rafeindavirkjum auk verkamanna. Að vísu hefur ekki verið mikil endurnýjun í málmíðnaði og vélvirkjun í nokkur ár. Skólakerfið hefur verið á villigötum en það er annar handleggur. Mér finnst aftur á móti að margt geti verið að kerfinu þegar



ÁÐ STÖRFUM Hrun í byggingageiranum hefur valdið atvinnuleysi. Ekki tekst þó alltaf að fá smiði á atvinnuleysisráðu í vinnu.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Ég skil að vísu að menn fá sér svarta vinnu með atvinnuleysisbótum til þess að hafa ofan í fjölskylduna. Menn eru svo skattþindir.

STEFÁN EINARSSON  
VERKTAKI

hætta á að menn skrái sig atvinnulausa og fái bætur en séu samt ekki reiðubúnir fyrir markaðinn. Að loknu átaki Alþýðusambands Íslands, Samtaka atvinnulífsins og ríkisskattstjóra um eflingu góðra atvinnuhátta verði staðan metin.

Sérstakt vettvangsteymi fyrrgreindra aðila hefur frá miðjum júní heimsótt á annað þúsund fyrirtækja. Steinhórn Haraldsson, staðgengill ríkisskattstjóra, segir menn í rekstri ekki alltaf átta sig á þeim reglum sem gilda. Dæmi séu um brot hjá einhverjum fyrirtækjanna. „Það á eftir að tala um svart þjóðfélag yfir heildina. Langstærstur hluti launa skilar sér til ríkissjóðs með eðlilegum hætti.“

ibs@frettabladid.is

## FriendsLife

Claim No. 6394 of 2011

THE HIGH COURT OF JUSTICE  
CHANCERY DIVISION  
COMPANIES COURT

Í MÁLI FRIENDS PROVIDENT LIFE ASSURANCE LIMITED

- og -

Í MÁLI FRIENDS PROVIDENT PENSIONS LIMITED

- og -

Í MÁLI BUPA HEALTH ASSURANCE LIMITED

- og -

Í MÁLI FRIENDS PROVIDENT LIFE AND PENSIONS LIMITED

- og -

Í MÁLI FINANCIAL SERVICES AND MARKETS ACT 2000

Hér með tilkynnist að þann 28. júlí 2011 var umsókn gerð samkvæmt hluta 107 í lögum Financial Services and Markets Act 2000 („Lögum“) hjá High Court of Justice, Fjármálaeild, Fyrirtækjarétti í London af Friends Provident Life Assurance Limited („FPLAL“), Friends Provident Pensions Limited („FPP“), Bupa Health Assurance Limited („BHA“) og Friends Provident Life and Pensions Limited („FPLP“) um Skipanir:

- undir hluta 111 í lögum þess efnis að samþykkt sé áætlun („áætlunin“) um flutning allra langtíma tryggingavíðskipta (eins og skilgreint er í lögum) FPLAL og BHA og hluta langtíma tryggingavíðskipta (eins og skilgreint er í lögum) FPP í FPLP; og
- að gerðar séu viðbótarráðstafanir í tengslum við áætlunina í samræmi við hluta 112 og 112A í lögum.

Afrít af skýrslunni sem óháður sérfræðingur gerði um skilmála áætlunarinnar samkvæmt hluta 109 í lögum („skýrsla um áætlunina“), bækling sem inniheldur yfirlýsingu um skilmála áætlunarinnar og samantekt skýrslunnar um áætlunina og áætlunarskjalid má nálgast endurgjaldslaust með því að hringja í +44 (0)1722 326785 eða skrifa Insurance Business Transfer Department, Unit 28-33, Blakey Road, Milford, Salisbury, SP1 2UD, United Kingdom. Þessi skjöl og önnur, að meðtöldum tryggingafræðilegum skýrslum, eru tiltæk á vefsíðu Friends Life Group plc, www.fpinternational.com/islutningur2011.

Afgreiða á umsóknina hjá Royal Courts of Justice, Strand, London WC2A 2LL þann 18. nóvember 2011. Allir þeir (að meðtöldum starfsmönnum FPP, FPLAL, BHA eða FPLP) sem telja að hagsmunir þeirra verði fyrir neikvæðum áhrifum við framkvæmd áætlunarinnar eiga rétt á að vera viðstaddir dómsafgreiðsluna og gera grein fyrir skoðunum sínum, annað hvort í eigin persónu eða með aðstoð lögfræðings. Það myndi hjálpa til við ferlið ef þeir sem hyggjast gera slíkt gætu haft samband skriflega við Herbert Smith LLP, lögfræðinga FPP, FPLAL, BHA og FPLP, á heimilisfangið sem gefið er upp hér að neðan, sem fyrst og helst fyrir 14. nóvember 2011, og útlistað sjónarmið sín.

Þeir sem vilja gera athugasemdir við áætlunina en ætla ekki að vera viðstaddir dómsafgreiðsluna geta komið þeim á framfæri með því að senda skriflega tilkynningu um þær til Herbert Smith LLP á heimilisfangið hér að neðan, sem fyrst og helst fyrir 14. nóvember 2011, þar sem þeir útlista sjónarmið sín.

Dagssett 8. ágúst 2011.

Herbert Smith LLP (ref 2067)  
Exchange House  
Primrose Street  
London  
EC2A 2HS  
United Kingdom

Stjórnarher Sýrlands heldur áfram árásum á uppreisnarmenn í landinu:

# Á sjötta tug létu lífið í átökum

**SÝRLAND, AP** Sýrlenski stjórnarherinn réðst í gær gegn uppreisnarmönnum í þremur borgum í landinu í gær. Mannréttindasamtök sem fylgjast grannt með ástandinu segja í það minnsta 52 hafa fallið í árásum.

Hörðust voru átökin í borginni Deir el-Zour þar sem hermenn bundu enda á níu daga umsátur um borgina og réðust á uppreisnarmenn. Vitað er um 42 sem létust.

Ástandið í borginni er sagt afar alvarlegt. Talsmaður uppreisnarmanna segir skorta lyf, mat og eldsneyti.

Árás hermanna á borgina Hama héldu einnig áfram. Talsmaður spítala í borginni sagði í gær að átta fyrirburar sem voru í hitakössum hafi látist í síðustu viku eftir að hermenn tóku rafmagnnið af spítalanum.

Harðar árásir stjórnarhersins á vígi uppreisnarmanna hófust við upphaf Ramadan, helgimánaðar múslima. Talið er að Basjar Assad, forseti Sýrlands, vilji koma í veg fyrir að fjöldasamkomur í moskum landsins breytist í allsherjarmótæmi gegn stjórn hans.

- bj



MÓTMÆLT Sýrlandingar í Egyptalandi mótmæltu stjórn Basjars Assad Sýrlandsforseta í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP



# BELID ljós í úrvali

Sænsk gæðahönnun á góðu verði



POLAR




PRIMUS II



SPIDER



PICASSO



CASANOVA



HARLEY



DA VINCI



APOLLO

Opið í dag laugardag frá kl. 11 - 16  
Mánudaga til föstudaga frá kl. 10 - 18

[www.rafkaup.is](http://www.rafkaup.is)

**Rafkaup**  
Ármúla 24 • S: 585 2800



## FRÉTTASKÝRING: Hver er staða ríkisfjármálanna?


## Ríkisfjármálin hægt og rólega að komast í ja

Nokkuð hefur verið rætt undanfarið um skuldastöðu íslenska ríkisins og árangur stjórnvalda í glímuni við fjárlagahalla ríkissjóðs. Hefur því verið haldið fram að hér hafi náðst betri árangur en víðast hvar annars staðar en einnig að íslenskum stjórnvöldum hafi gengið verr en öðrum að ná jafnvægi í ríkisfjármálunum.

Eins og kunnugt er var staða ríkissjóðs mjög góð í alþjóðlegum samburði um miðjan síðasta áratug. Var sú staðreynd talin meðal helstu

## Fjárlagahalli samkvæmt ríkisreikningi

Prósents af landsframleiðslu



styrkleika íslenska hagkerfisins þar sem hið opinbera hefði mikið olnbogaráými til að koma til dæmis íslensku bönkunum til hjálpar ef eitthvað færi úrskaiðis. Skuldir ríkissjóðs tóku að aukast á ný tveimur árum fyrir fall bankanna og má tengja það aðdraganda fjármálakreppunnar, segir í riti Seðlabankans frá því í febrúar: Hvað skuldar þjóðin?

Hrunið haustið 2008 hefur valdið ríkissjóði miklum kostnaði og hefur skuldastaðan versnað sem því nemur. Þá drógust tekjur ríkissjóðs verulega saman vegna minni umsvifa í hagkerfinu sem olli verulegum halla á fjárlögum.

Ástæðulaust er að fara nánar út í ástæður skuldsetningar ríkissjóðs hér. Hugmyndin er frekar að skoða hvernig gengur að koma á sjálfbærni í ríkisfjármálunum og jafnframt bera stöðu Íslands saman við stöðu nokkurra Evrópuríkja sem einnig fóru illa út úr alþjóðlegu fjármálakreppunni.

## Fjárlagahallinn enn ansi hár

Ríkisreikningur ársins 2010 var gefinn út í síðustu viku. Þar kom í ljós að halli ríkissjóðs á árinu 2010 jafngilti 8 prósentum af landsframleiðslu. Til samanburðar var hallinn 9,3 prósent árið 2009 og 14,6 prósent árið 2008. Ríkissjóður skilaði hins vegar afgangi árið 2007 sem nam 6,8 prósentum af landsframleiðslu.

Ríkisreikningurinn er gerður upp á rekstrargrunni en erfitt er að nálgast gögn fyrir önnur ríki á rekstrargrunni úr helstu gagnagrunnum. Því er varhugavert að

bera þessar tölur hrátt saman við tölur frá öðrum ríkjum.

Séu tölur Eurostat yfir fjárlagahalla í ríkjum Evrópu skoðaðar kemur í ljós að meðalfjárlagahalli í ESB á árinu 2010 var 5,4 prósent af landsframleiðslu. Ísland er í þeim tölum skráð með fjárlagahalla upp á 6,2 prósent af landsframleiðslu árið 2010 en sú tala er að öllum líkindum of lág þótt Eurostat gefi reyndar upp tölur á öðrum bókhaldsgrunni en notast er við í ríkisreikningnum.

